



# Staða og framtíð ferðamála

í sjávarþorpinu Suðureyri við Súgandafjörð

Ólöf Birna Jensen

Lokaritgerð til BA gráðu í ferðamálafræði

Háskólinn á Hólum

2016

**Staða og framtíð ferðamála**  
í sjávarþorpinu Suðureyri við Súgandafjörð

Ólöf Birna Jensen  
230280-3049

12 ECTS Lokaritgerð sem hluti af  
*Baccalaureum Artium* gráðu í ferðamálafræði

Leiðbeinandi  
Emilía Ásta Örlygsdóttir

Ferðamáladeild  
Háskólinn á Hólum  
Hólar, 6. maí 2016

Staða og framtíð ferðamála í sjávarþorpinu Suðureyri við Súgandafjörð

Current situation and future of tourism in the seaside village Suðureyri in Súgandafjörður

12 ECTS lokaritgerð sem hluti af *Baccalaureum Artium* gráðu í ferðamálafræði

Copyright © 2016 Ólöf Birna Jensen

Öll réttindi áskilin

Ferðamáladeild

Háskólinn á Hólum

Hólar í Hjaltadal

551 Sauðárkrókur

Ísland

Sími: 455-6300

Skráningarupplýsingar:

Ólöf Birna Jensen, 2016, *Saga og framtíð ferðamála í sjávarþorpinu Suðureyri við Súgandafjörð*, BA ritgerð, Ferðamáladeild, Háskólinn á Hólum, bls. 34.

Hólar í Hjaltadal, Ísland, 6. maí 2016



# Abstract

The number of tourists that travel to Iceland has been rapidly increasing over the years and there is hardly a place in Iceland that has not experienced this increase, especially over the summertime. The objective of this study was to find out how the situation in tourism is in Suðureyri in Ségandafjörður, and what the future prospects are for tourism in Suðureyri in the opinion of stakeholders.

The main findings were that the general tourism in Suðureyri is good during the summer while little or nothing is happening during the winter time. All stakeholders, including residents, are optimistic about the future of tourism in the village. Additionally, people agree that the cards need to be dealt right and the work for tourism needs to be done right. There were also loud voices for a better conversation / collaboration between the tourism operators and town officials on the one hand and the tourism operators and the residents of the village on the other.

Key words: *Rural tourism, entrepreneurs, destination, image creation and collaboration.*

# Útdráttur

Ferðamönnum á Íslandi hefur farið ört fjölgandi með árunum og er varla til sá staður á Íslandi sem ekki hefur fundið fyrir þessari fjölgun, þó sérstaklega yfir sumartímann. Markmið þessa verkefnis var því að komast að því hvernig staðan á ferðaþjónustunni á Suðureyri við Súgandafjörð væri og hverjar framtíðahorfur fyrir ferðamál á Suðureyri væru að mati hagsmunaaðila.

Helstu niðurstöður voru þær að almennt séð er staða ferðamála á Suðureyri góð yfir sumartímann á meðan lítið sem ekkert er að gerast yfir vetrartímann. Allir hagsmunaaðilar og þar á meðal íbúar eru bjartsýnir á framtíð ferðamála í þorpinu en jafnframt er fólk sammála um að halda verði rétt á spilunum og vanda alla vinnu þegar kemur að ferðamálum. Það voru einnig háværar raddir um betra samtal/samstarf á milli annars vegar ferðaþjónustunnar og bæjaryfirvalda og hins vegar ferðaþjónustunnar og íbúa þorpsins.

Lykilhugtök: *Ferðaþjónusta í dreifbýli, frumkvöðlar, áfangastaður, ímyndasköpun og samstarf.*

## **Þakkarorð**

Þegar kemur að því að þakka fyrir sig þá er töluvert hægt að þakka fyrir, fyrst og fremst vil ég þakka eiginmanninum honum Hauki Má Harðarsyni fyrir þann stuðning og þolinmæði sem hann hefur sýnt mér í gegnum skólagönguna sem oft á tíðum hefur reynt töluvert á lífið. Vinkona mín hún Pálína Björg Snorradóttir fær einnig þakkir fyrir veittan stuðning og endalausa hjálpssemi. Leiðbeinandi minn hún Emilía Ásta Örlygsdóttir fær bestu þakkir fyrir að gefa mér góð ráð og þarft spark á réttum tíma. Þeir sem tóku þátt í þessu verkefni með mér fá einnig bestu þakkir fyrir því án þeirra væri þetta verkefni ekki til.





# Efnisyfirlit

<b>Efnisyfirlit .....</b>	<b>ix</b>
<b>Myndayfirlit .....</b>	<b>xi</b>
<b>Töfluyfirlit .....</b>	<b>xii</b>
<b>1 Inngangur .....</b>	<b>1</b>
<b>2 Suðureyri við Súgandafjörð .....</b>	<b>2</b>
2.1 Saga og staðhættir .....	2
2.1.1 Stofnanir .....	4
2.1.2 Annað .....	5
2.2 Ferðáþjónustan .....	5
2.3 Fiskvinnslan og hausáþurrkun .....	7
<b>3 Fræðileg umfjöllun .....</b>	<b>8</b>
3.1 Ferðáþjónusta í dreifbýli .....	8
3.2 Frumkvöðlar .....	10
3.3 Áfangastaður .....	11
3.4 Ímyndasköpun .....	12
<b>4 Rannsóknaraðferð .....</b>	<b>13</b>
4.1 Viðmælendur og úrtaksaðferðir .....	13
4.2 Framkvæmd og úrvinnsla .....	14
4.3 Helstu áskoranir .....	14
<b>5 Niðurstöður .....</b>	<b>15</b>
5.1 Úrvinnsla viðtala .....	15
5.1.1 Fisherman .....	15
5.1.2 Íbúar .....	17

5.1.3	Íslandssaga og Klofningur .....	18
5.1.4	Ísafjarðarbær .....	20
5.2	SVÓT-Greining ferðaþjónustu Suðureyrar .....	23
5.2.1	Styrkleikar.....	24
5.2.2	Veikleikar .....	24
5.2.3	Ógnanir .....	24
5.2.4	Tækifæri.....	24
<b>6</b>	<b>Umræður .....</b>	<b>25</b>
<b>7</b>	<b>Lokaorð .....</b>	<b>27</b>
<b>8</b>	<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>28</b>
8.1	Munnlegar heimildir.....	30
<b>9</b>	<b>Fylgiskjöl .....</b>	<b>31</b>
9.1	Spurningalisti fyrir íbúa .....	31
9.2	Spurningalisti fyrir fyrirtæki .....	32
9.3	Spurningalisti fyrir ferðaþjónustu .....	33
9.4	Spurningalisti fyrir Ísafjarðarbæ .....	34

# Myndayfirlit

2-1 Íbúafjöldi janúar 2016 .....	3
----------------------------------	---

# Töfluyfirlit

Tafla 5-1 SVÓT-greining .....	23
-------------------------------	----

# 1 Inngangur

Suðureyri við Súgandafjörð er mér mjög kær, þar ólst ég upp og þann bæ kalla ég „heima“ þó ég hafi ekki búið þar í nokkuð mörg ár. Þegar kom að því að gera BA verkefnið þá varð Suðureyri fyrir valinu og vildi ég byrja á því að kanna hver staðan væri í ferðamálum og hvernig hagsmunaaðilar sæu fyrir sér framtíð ferðamála í þorpinu. Suðureyri er lítið sjávarþorp í Súgandafirði sem tilheyrir byggðakjarnanum Ísafjarðarbæ sem staðsettur er á norðanverðum Vestfjörðum. Saga Suðureyrar nær langt aftur í aldir og hafa heimamenn jafnt og aðkomufólk verið duglegt við að skrifa um svæðið og lífið í firðinum. Fiskvinnsla hefur haldið bænum gangandi frá því að bærinn byggðist upp. Síðustu ár hefur ferðaþjónustan vaxið og dafnað og er orðin stór liður í lífi fólks á eyrinni.

Eftirfarandi rannsóknarspurningar eru lagðar fram:

I. *Hver er staða ferðamála í sjávarþorpinu Suðureyri?*

II. *Hvernig eru framtíðarhorfur ferðamála á Suðureyri?*

Ferðamönnum fer ört fjölgandi um allan heim og er Suðureyri ekki undanskilin þeirri fjölgun. Vert er að kanna stöðuna og varpa ljósi á hvar ferðaþjónustan í þorpinu er stödd og hver sé framtíð ferðamála á svæðinu að mati hagsmunaaðila. Rætt var við rekstraraðila fyrirtækja á Suðureyri bæði innan ferðaþjónustunnar og utan hennar, einnig var rætt við fulltrúa frá Ísafjarðarbæ og íbúa á svæðinu.

## 2 Suðureyri við Súgandafjörð

Suðureyri við Súgandafjörð er partur af byggðakjarnanum Ísafjarðarbæ og hefur verið partur af þeim kjarna frá árinu 1996 eins og fimm önnur sveitarfélög, inni í þennan kjarna voru sameinuð ásamt Suðureyri, Flateyri, Þingeyri, Ísafjörður, Mosvalla- og Mýrarhreppir. Árið 1971 höfðu Ísafjörður og Hnífsdalur sameinast og er því töluvert svæði sem tilheyrir Ísafjarðarbæ og er mikil náttúruvegur á svæðinu ásamt því að menningu og sögu er hægt að finna í hverju horni (Ísafjarðarbær).


### 2.1 Saga og staðhættir

Súgandafjörður er nyrsti fjörðurinn í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Í mynni hans er tignarlegt fjall sem nefnist Göltur, hann er norðan megin í firðinum og fyrir sunnan er Sauðanesið. Fjörðurinn er um 13 km að lengd, að megninu til er hann um 1-1,5 km breiður en út frá fjallinu Spilli sem er sunnan megin í firðinum breiðir hann úr sér og verður allt að 4 km breiður út við mynnið. Sunnan megin við Súgandafjörð er Staðardalur, þar er að finna tvo sveitabæi, Stað og Bæ. Staðardalurinn skiptist í Sunndal og Vatnadal þegar innar er farið. Norðanmegin í Súgandafirði er svo Selárdalur og Gilsbrekkudalur og hafa verið byggðir sumarbústaðir á því svæði. Í botni Súgandafjarðar er svo að finna sveitabæinn Botn en hann er staðsettur í Botnsdal. Tvær eyrar eru í firðinum, Norðureyri annars vegar og hins vegar Suðureyri og Suðureyrarmalir sem áður fyrir voru tvær eyrar en í dag sökum framkvæmda er talað um eina eyri sunnan megin. Mikil þrenging er á milli eyranna og er fjörðurinn talsvert grunnur á því svæði, hann er það grunnur að oft er hægt að ganga yfir þegar fjarar. Aðalbyggð þorpsins stendur á sunnanverðri eyrinni sem einnig kallast malirnar en yngri byggð hefur færst aðeins upp í hlíðar Spillis (Kristján Ágústsson og Hörður Þ. Sigurðsson, 2004).

Sextán jarðir voru í rækt um aldamótin 1900 og var búskapur að mestu leyti með eðlilegu sniði. Bændur reru til fiskjar samhliða búskapnum og var þá oft þannig að róður byrjaði í kringum páska og róíð fram að sumri, yfir sumartímenn voru þeir við móskurð og heyskap. Aftur var svo róíð á haustin og þeir sem voru staðsettir það vel og gátu róíð fram á vetur

reru eins lengi fram eftir vetri og veður leyfði. Á svipuðum tíma varð Suðureyri löggiltur verslunarstaður þegar höfnin var mæld út. Þá voru íbúar á svæðinu um 13 og íbúðarhúsnaði eingöngu tvö. Með vélbátunum árið 1906 fór fólki að fjölga og árið 1911 voru um 200 manns búsettir á eyrinni og voru malirnar þá aðal byggðarsvæðið (Grunnskóli Suðureyrar,b).

1. janúar 2016 var íbúafjöldi á Suðureyri 287 manns og er hlutfall milli kvenna og karla mjög jafnt eða 146 karlmenn og 141 konur. Gaman er að skoða þessar tölur og þegar rýnt er í þær nánar þá er hægt að sjá að um 26% íbúafjöldans á svæðinu eru börn sjá mynd 2-1. Unglingar á aldrinum 15 til 18 ára eru 2% af fjöldanum en þau sækja lokastig grunnskólans til Ísafjarðar og svo flestir í framhaldi af því menntaskóla annað hvort á Ísafirði eða lengra í burtu. Stærsti hópurinn er svo aldurinn 45 til 54 ára en hann er um 26%. Nokkuð merkilegt er að aldurinn 55 til 64 ára er 10% af fjöldanum og 65 til 94 er einnig 10% eins og sjá má á mynd 2-1. Elsti einstaklingurinn á Suðureyri er 95 ára gamall, einnig er það merkilegt að samkvæmt skráningu er enginn 49 eða 53 ára búsettur á Suðureyri (Hagstofa Íslands).



2-1 Íbúafjöldi janúar 2016

Samgöngur við fjörðinn voru mjög takmarkaðar, sérstaklega á veturna. Farið var fótgangandi, stundum ríðandi en sjaldan siglandi. Árið 1940 var svo lagður vegur til Suðureyrar yfir Botns- og Breiðadalsheiði. Árið 1975 var byggður upp flugvöllur en hann var tekinn úr notkun með bættem samgöngum til Ísafjarðarflugvallar. Á árunum 1981 til 1990 var vegurinn í Súgandafirði endurnýjaður og sett á hann bundið slitlag. Í september árið 1996 voru svo Vestfjarðargöngin opnuð, það stytta og auðveldaði leiðina að nærliggjandi byggðum og í kjölfarið var Botnsheiðinni lokað (Grunnskóli Suðureyrar,b).

Þær samgöngubætur sem gerðar hafa verið við Súgandafjörð eru í takt við það sem fram kemur í Stöðugreiningu Byggðastofnunar 2013, þar sem bættar samgöngur eru hluti af því að efla sveitarfélög og skapa með því bætt skilyrði byggðapróunar og til eflingar atvinnu fólks á svæðinu (Byggðastofnun, 2013) Fyrsta bæjarfélagið hét Súgandafjarðarhreppur en var síðar breytt í Suðureyrarhreppur og svo við sameininguna 1. júní 1996 við fimm önnur sveitarfélög breyttist nafnið í Ísafjarðarbæ og er því svokölluð klasabyggð (Sveitin Okkar, 2014)

Suðureyri við Súgandafjörð virðist vera með vistvæna stefnu, þar sem fiskveiðarnar eru alfarið á línu og handfærum. Allur afli er einnig unninn eins mikið og hægt er á staðnum og nýtingin er með því besta sem þekkt í fiskvinnslum á landsvísu. Í Súgandafirði er jarðvarmi og vatnsaflsvirkjun og er því hægt að segja að Suðureyri sé að miklu leyti sjálfbær hvað varðar orku (Fisherman.is, c).

### **2.1.1 Stofnanir**

Á Suðureyri er líka að finna nokkrar stofnanir eins og kirkju, grunn- og leikskóla svo eitthvað sé nefnt. Við Suðureyrarkirkju er ekki jarðað heldur er grafreitir við Staðarkirkju inni í Staðardal og sér presturinn á Ísafirði um prestakall á Suðureyri. Leikskólinn Tjarnabær stendur við kirkjuna og er hann tveggja deilda leikskóli og bera deildirnar nöfn fjallanna; Spillir og Göltur. Börnunum er skipt niður í eldri og yngri en þar sem þetta er fámennur skóli er lögð mikil áhersla á að deildirnar vinni mikið saman. (Tjarnabær, 2014). Á Suðureyri er einnig rekinn grunnskóli en núverandi skólahús var tekið í notkun árið 1958 og svo var það stækkað árið 1983. Árið 2006 var byggt við skólann íþróttahús sem tengir sundlaugina við skólahúsið (Grunnskóli Suðureyrar, a).

Sundlaugin dregur fólk að frá nærliggjandi bæjum og sveitum þar sem hún er eina útilaugin í Ísafjarðarbæ. Sundlaugin fær heitavatnið úr borholu að Laugum sem er staðsett rétt innan við þorpið. Laugin samanstendur af lítilli sundlaug, vaðlaug og tveimur heitum pottum (Ísafjörður.is) (Ísafjarðarbær.is). Það hefur lengi verið þekkt í þessari laug að boðið er upp á kaffi á sundlaugarbakkanum, einnig er hægt að kaupa íspinna til að gæða sér á í lauginni eða pottinum.



## 2.1.2 Annað

Nokkur félagasamtök koma að ferðapjónustunni á Suðureyri eins og oft er með þessi smærri byggðarlög. Á Suðureyri eru að störfum mörg félagasamtök og er fólkið í bænum mjög virkt og þeir sem eru í félagasamtökum eru oftast en ekki í fleiri en einu. Í litlum byggðum líkt og Suðureyri er mikilvægt að hafa virkni í félagslegu starfi, því virkni fólks eru undirstöður samfélagslegra auðlinda (Háskólinn á Akureyri, 2010). Á Suðureyri er starfandi áhugamannaleikfélag, Hallvarður Súgandi. (Hallvarður Súgandi). Árlega er haldin Sæluhelgi, ein elsta bæjarhátíð landsins, aðra helgina í júlí. Er hún sprottin upp úr marhnúta veiðikeppni (mbl.is, 2004a). Act Alone hátíðin hefur einnig verið haldin á Suðureyri árlega frá 2004 (Act Alone). Í lóninu á Suðureyri hefur verið alinn þorskur sem borðar úr lófum fólks og leyfir að sér sé strokið þegar honum er gefin beita að borða (Iceland Magazine, 2015). Björgunarsveitin Björg er einnig með fulla virkni allt árið með námskeiðum, ferðum, flugeldasýningum og -sölum og svo má ekki gleyma þeirri aðstoð sem þeir veita fólki sem ekki getur aðstoðað sig sjálf (Valur S. Valgeirsson). Kvenfélagið Ársól er einnig virkt og sjá þær um sólkarkaffið, eru með vöflusölu á Sæluhelgi ásamt fleiri aðferðum við að afla tekna til að styrkja samfélagið. Súgfirðingar nota hvert tækifæri til að skemmta hverju öðru og árlega eru haldin annaðhvort Góu- eða Þorrablót og er þá mikið húllum hæ og glatt á hjalla. Þeir viðburðir sem hér hefur verið farið yfir bera merki þess hversu mikilvægt er að félagslegur auður sé virkur á stað eins og Suðureyri. Slíkur auður leiðir af sér frumkvöðlastarf, styrkir viðkomandi stað í að móta sér stefnu og sýn til framtíðar og eflir einnig atvinnulíf staðarins (Háskólinn á Akureyri, 2010).

## 2.2 Ferðapjónustan

Ferðapjónustan á Suðureyri hefur farið ört vaxandi síðustu árin og þróast jafnt og þétt frá árinu 2001, með bæði gistivalmöguleikum og afþreyingu.

### **Fisherman**

Í desember árið 2000 keypti Elías Guðmundsson Aðalgötu 14 til að gera hana upp og selja gistingu í hjáverkum, í maí 2001 opnaði hann fjögur herbergi en þjónustan var eins lítil og hægt var. Viðskiptavinir þurftu að hringja dyrasíma sem hringdi í farsíma Elíasar eða konu hans og þau komu til að opna fyrir ferðamönnum, morgunmatinn sem fylgdi með herberginu var svo að finna í ísskápnum. Með árunum fjölgaði gestunum töluvert og árið

2005 var Elías farinn að vinna eingöngu við Fisherman. Það ár stækkaði hótelið töluvert og bættist við veitingastaður (Elías Guðmundsson munnlegt viðtal, 2016). Veitingastaðurinn opnaði í júlí 2006 og er hann í gamla Suðurver, þema veitingastaðarins er fiskur, hvort sem er verið að tala um matseðilinn eða skreytingarnar. Hráefnið er fengið í heimahögum eins og kostur er og er allur fiskur landaður í Suðureyrarhöfn bæði til að tryggja gæði og líka til að styrkja samfélagið (Fisherman.is, a). Árið 2013 færðu þau svo út kvíarnar með því að bæta við sig kaffihúsi handan við götuna frá veitingastaðnum, kaffihúsið er staðsett í gamla Kaupfélaginu, þar inni er lagt mikið upp úr sjómennsku fyrir tíma plastbáta og er framhlið afgreiðsluborðsins smíðað úr gömlum bát sem sigldi frá Suðureyri, sá bátur hét Ingimar Magnússon ÍS 650. Borðplatan á afgreiðsluborðinu er tréverk af Gamla Rauð sem var notaður til að flytja bein og hause á milli vinnslustaða. Einnig eru allir skrautmunir á kaffihúsinu stílaðir inn á ártölin 1960-1975 og skapar það afskaplega skemmtilegan stíl (Fisherman.is, b). Matarferðirnar byrjuðu árið 2013 og eru þær uppsettar þannig að fólk fær að upplifa vistvænt sjávarþorp, þar er sagt frá sögu þorpsins og þeim séreinkennum sem þorpið býr yfir. Það er stoppað á fjórum stöðum og ferðamönnum er gefið að smakka á þeirri framleiðsluafurð sem framleidd er í firðinum. Fyrsta stopp er við fiskvinnsluna Íslandssögu, annað við fiskihjall, þriðja við Klofning og að lokum er farið í fiskiskólann en hann er staðsettur í sama húsi og kaffihúsið, þegar þangað er komið er fiskur matreiddur fyrir gestina (Elías Guðmundsson munnlegt viðtal, 2016).

### **Icelandic pro fishing**

Iceland ProFishing er fyrirtæki sem sérhæfir sig í sjóstangaveiði. Ferðamenn sigla sjálfir bátunum eða fá með sér einhvern sem hefur siglingaréttindi til að komast út á miðin. Fyrirtækið er með nokkra skála og hefur að auki leigt íbúðarhús af heimamönnum sem gistingu fyrir ferðamenn. Er þetta ein elsta skipulagða afþreyingin fyrir ferðamenn á Suðureyri (Iceland pro fishing).

### **Comfy guesthouse**

Comfy Guesthouse Westfjords er gistiheimili í gömlu heilsugæslunni. Boðið er upp á gistingu með aðgengi að sameiginlegri salernis- og sturtuadstöðu og morgunverð (Comfy guesthouse).

## **Verslunin Sógandi og tjaldsvæðið**

Verslunin Sógandi er sjoppa, búð og veitingastaður með skyndibita. Hægt er að horfa á helstu íþróttaviðburði á tjaldi eða annað skemmtilegt. Á sumrin er þar rekið tjaldsvæði með aðgengi að vatni og salerni (Ása Dóra Halldórsdóttir munnlegt viðtal, 2016).

## **2.3 Fiskvinnslan og hausapurrkun**

Fiskvinnslufyrirtækið Íslandssaga er staðsett á höfninni sem er einstaklega hagstætt þar sem ekki þarf að flytja fiskinn langt til að koma honum í hús. Íslandssaga hefur verið starfandi frá desember 1999 og hafa stjórnendur fyrirtækisins verið duglegir við að styrkja og hjálpa öðrum fyrirtækjum á svæðinu, til að efla bæði atvinnuþróun og byggð. Fiskvinnslan er mestmegnis að flytja út bæði ferskan og frystan fisk og eru þeir orðnir þekktir fyrir gæði og góða þjónustu. Í frystihúsinu er eingöngu unninn bolfiskur, einnig má nefna að nær allur hluti aflans er nýttur og ekkert fer til spillis. Það fyrirtæki sem sér um að nýta mest allan afskurð er hausapurrkunarfyrirtækið Klofningur ehf (Íslandssaga) sem er staðsett í útjaðri þorpsins en Klofningur hefur verið þekktur fyrir að byggja upp þorpið og gefa af sér þó aðeins hafi þeir komist í fréttir fyrir gjöf til sjúkraþjálfunar Landspítalans á Grensásdeild (mbl.is, 2013b)

## 3 Fræðileg umfjöllun

Ferðamönnum á Íslandi hefur fjölgað svo um munar og er varla sá staður á landinu sem ekki hefur fundið fyrir þessari fjölgun. Hér fyrir neðan verður farið yfir ferðamál í dreifbýli, frumkvöðla, áfangastaði og ímyndasköpun með það fyrir augum að fara yfir þann þekkingargrunn sem fyrir er.

### 3.1 Ferðaþjónusta í dreifbýli

Ferðaþjónusta í dreifbýli getur oft á tíðum verið snúið apparat og erfitt til framkvæmdar, George, Mair, og Reid (2009) koma vel inn á það að til að vel takist í ferðaþjónustu í dreifbýli þá þurfi allir aðilar að koma að borðinu frá upphafi; sveitarfélög, ríkið, rekstraraðilar og heimamenn. Alveg frá því að ferðaþjónustan er hugmynd þarf fólkið að vera með í málunum til að þróa hugmyndina, skipuleggja hana og koma henni til framkvæmdar. Þar er málinu samt ekki lokið og samtalið þarf að vera virkt áfram til að ferðaþjónustan geti verið eins sjálfbær og unnt er. Samkvæmt George, Mair, og Reid (2009) er eitt af lykilatriðunum að íbúar fái að ráða ferðinni þegar teknar eru ákvarðanir um hvernig eða hvort eigi að nýta bæði innviði og náttúru samfélagsins til ferðamennsku. Það er því gott að hafa fólkið sem býr og vinnur í samfélaginu við stjórnina þegar teknar eru mikilvægar ákvarðanir í sambandi við skipulag og uppbyggingu á dreifbýlum svæðum ef vel á að takast. Sérstaklega í ljósi þess að hótél og annar rekstur er ekki endilega aðdráttaraflíð sem fær ferðamanninn til að heimsækja dreifbýlið, heldur er það oftast náttúran og/eða menningin á svæðinu og tengist því heimamönnum beint en ekki þeim sem flytja inn hótélkeðju eða eitthvað annað fyrirtæki til að takast á við þann fjölda sem vonast er eftir. Einnig er ekki verra að þol heimamanna fyrir bæði ferðamönnum og ferðaþjónustunni verður töluvert hærra fyrir vikið (George, Mair, og Reid, 2009).

Í ferðamennsku í dreifbýli líkt og annars staðar þá þarf að passa að varan haldist raunveruleg og fari ekki út í of mikið sjónarspil fyrir ferðamenn sem eru ekki endilega að leita eftir því að heilu bæirnir breytist í safn síns tíma eða að breytingin á umhverfinu sé það mikil eða stórvægileg að ekki verði aftur tekið (George, Mair, og Reid, 2009). Í

mörgum tilfellum hefur ferðapjónusta í dreifbýli sprottið út frá hnignun í samfélaginu þar sem markaðsverð á eignum hefur fallið töluvert mikið niður og fyrirtæki og einstaklingar nýta tækifærið og kaupa og gera upp eignir til að nota í ferðapjónustu. Þesslags þróun getur bæði orðið til góðs eða ills, í mörgum tilfellum kemur það fyrir að eftir að ferðapjónustan er búin að byggja sig upp á svæðinu þá fer markaðsverð eigna upp á við sem er í flestum tilfellum góð þróun nema þegar íbúar finna sig knúna til að flytja burt vegna skorts á getu til að framfleyta sér þegar íbúðaverð er orðið þetta hátt (George, Mair, og Reid, 2009). Þegar það gerist þá er sú hættu fyrir hendi að bærinn verði svokallaður sumarleyfisbær sem fellur í dvala yfir vetrartímenn (mbl.is, 2016c). Það er því betra fyrir bæjafélagið að koma í veg fyrir þesslags þróun til að samfélagið verði líflegra og til að auka líkur á að líf verði í samfélaginu allt árið um kring (George, Mair, og Reid, 2009).

Sjálfbærni ferðamennsku í dreifbýli, hvernig er hægt að stuðla að sjálfbærni í litlum samfélögum svo vel verði? Grunn hugmyndin við sjálfbærni er að þessi kynslóð geti þjónað þörfum sínum án þess að það skerði lífsgæði komandi kynslóða. Sjálfbær ferðapjónusta er afskaplega víðtækt hugtak og er það mismunandi eftir fræðimönnum hvernig það er skilgreint. Til þess að sjálfbær ferðapjónusta gangi upp þá þarf hún að vera í samræmi/samvinnu við þjónustu, aðstaður og getu viðkomandi svæðis (George, Mair, og Reid, 2009). Mikilægt er að borin sé virðing fyrir menningu og gildum, að öll vinna sé unnin í sátt og samlyndi við samfélagið og að óskir og áhugi heimamanna sé virtur. Þetta ætti að gefa dreifbýlum svæðum ný tækifæri eða jafnvel nýjan innblástur til að geta starfað á réttum grundvelli og styrkt innviði bæjarfélaga. Helsta vandamálið virðist hins vegar vera að halda fólki á vissum aldri á svæðinu eða fá það til að koma aftur eftir skólagöngu. Til þess að sjálfbær ferðapjónusta geti gengið og þar af leiðandi aukið líkurnar á að yngra fólkið haldist á svæðinu eða jafnvel komi aftur, þá er grundvallaratriði að gera sér grein fyrir þeim verðmætum sem svæðið, fólkið og lífið hefur upp á að bjóða á viðkomandi svæði. Eitt af þeim verðmætum sem eru oft vanmetin er sú þekking sem verður til í þeirri atvinnugrein sem íbúar staðarins stunda. Því miður er sú þekking ekki metin eins hátt og skólaganga þó svo að oft geri hún meira gagn en margra ára skóli. Þegar farið er að meta þessi verðmæti fyrir það sem þau eru þá getur verið töluvert auðveldara að stuðla að sjálfbærni (George, Mair, og Reid, 2009).

Þegar talað er um að ferðapjónusta geti verið sjálfbær er meira verið að tala um heimspekilega hugmyndafræði á bak við sjálfbærni, því erfitt getur verið að mæla hvort

ferðaþjónusta sé virkilega sjálfbær eða ekki. Hins vegar getur verið gott að ferðaþjónustur styðjist við slíka heimspeki til að þróa þjónustuna sem boðið er upp á. Þannig getur ferðaþjónustan víkkað sjóndeildarhringinn á sama tíma og hún skerpir hugmyndir hvað varðar þeirra þjónustu (McMinn, 1997). Öllum viðskiptum fylgir áhætta og er hún oft mismikil. Í ferðaþjónustugeiranum getur það farið eftir því hvort farið var út í þesslags viðskipti út af nauðsyn, vegna atvinnuleysis eða vegna þess að fólk vildi auka við sig viðskipta- og atvinnutækifærum. Hér á landi hefur fiskvinnsla lengi verið aðalatvinnugrein Íslendinga en eftir að kvótakerfið fór að gera mörgum byggðum erfitt fyrir þá kom ferðaþjónustan sér afskaplega vel. Sjálfbær ferðamennska og sjálfbært dreifbýli þurfa að vinna saman. Ef samvinna tekst ekki þá endar með því að annaðhvort grefur undan hinu. Ferðamennska er ekki eitthvað sem hægt er að leggja yfir samfélagið, það verður að samlaga ferðaþjónustuna að samfélaginu til að ná árangri til lengri tíma litið og það er gert með góðu skipulagi og samvinnu við heimamenn (George, Mair, og Reid, 2009). Stjórnvöld þurfa líka að gera sér grein fyrir mikilvægi dreifbýlis þegar kemur að skipulagsmálum. Hversu mikilvægt það er fyrir hagsmunaaðila að taka þátt í gerð stefnumótun og hversu mikilvægt það er að ferðaþjónusta á landsbyggðinni snúist ekki um að steingera bæi heldur fái þeir að þróast og þroskast á þeim hraða sem æskilegast er. Oft á tíðum eru strjálbýl svæði ekki metin að verðleikum eins og þéttbýl svæði heldur er því haldið fram að sveitirnar séu einungis leikvællir fyrir borgir. Þar af leiðandi þarf stefnumótun að taka það með í dæmið að sveitafélög fái að vera sín eigin heild en ekki partur af þéttbýlli svæðum (George, Mair, og Reid, 2009).

## 3.2 Frumkvöðlar

Það má velta því fyrir sér hvað frumkvöðull er og af hverju þeir verði til, Þráinn Eggertsson (1998), kemur með skemmtilegar þælingar varðandi fæðingu frumkvöðla og hvort það gerist eitthvað á fæðingadeildinni eða hvort hann þróist í gegnum uppeldisárin. Á sama tíma og hann veltir þessu fram þá ræðir hann um að ekki sé til nein sérstök formúla fyrir frumkvöðli, því við erum svo misjöfn þó svo að við eigum margt sameiginlegt þá getur það einmitt verið okkar sér einkenni að sjá tækifærin þar sem aðrir sjá þau ekki. Skilgreiningin sem hann notar í sinni bók er „sá sem stofnar og rekur fyrirtæki á eigin áhættu í kringum eitthvað nýtt eða sem gert er á nýjan hátt“ (Þráinn Eggertsson, 1998) og finnst mér hún eiga vel við í þessari ritgerð.

GEM rannsóknir (Global Entrepreneurship Monitor) hafa það markmið að gefa innsýn í frumkvöðlastarf á heimsvísu, GEM notast við staðla sem gera þeim kleift að bera saman frumkvöðla á milli landa. Um fimmtíu prósent Íslendinga telja sig hæfa til að stofna og reka sitt eigið fyrirtæki og eru því um fimmtíu prósent Íslendinga efni í hugsanlega frumkvöðla. Konum gengur að jafnaði betur en körlum að sinna frumkvöðlastarfi en þrátt fyrir þá staðreynd þá eru karlar helmingi fleiri en konur sem teljast til frumkvöðla. Aldur frumkvöðla er algengastur frá 25 ára aldri til 44 ára aldurs og algengt er að frumkvöðlar ljúki við háskólamenntun. Það kemur því ekki á óvart að frumkvöðlar eru yfirleitt sá hópur sem er flokkaður sem tekjuhærri en aðrir hópar. Íslendingar eru duglegir að róa á ný mið og finnst það oftast afskaplega eðlilegur hlutur, jafnframt finnst Íslendingum ekkert mál að vera sinn eigin yfirmaður, þessir þættir gera frumkvöðlum auðvelt fyrir. Einnig er auðvelt að stofna fyrirtæki á Íslandi og það kemur sér vel fyrir þá sem vilja gerast frumkvöðlar. Frumkvöðlastarf skipar stóran sess í þróun hagkerfisins á jákvæðan máta með því að stuðla að uppbyggingu iðngreina og þróun innan iðngreina sem eru mikilvægir þættir til að halda kerfinu gangandi. (Agnar Hansson, Halla Tómasdóttir, Guðrún M. Sigurðardóttir, Lúðvík Elíasson og Rögnvaldur J. Sæmundsson, 2002).

### 3.3 Áfangastaður

Þegar um áfangastað er að ræða þá eru það þrenn lykilatriði sem þurfa að vera til staðar, það eru aðstaða, aðdráttarafl og aðgengi. Þegar til landsins er komið getur oft verið erfitt að afmarka áfangastaðinn en hann afmarkast í flestum tilfellum af aðgengi svæðisins, þeirri aðstöðu sem hefur verið sköpuð og auðvitað því aðdráttarafli sem svæðið býr yfir. Flestir gestir koma til landsins með flugi, þó svo að aðrar leiðir séu í boði eins og ferja og skemmtiferðaskip þá eru flestir ferðmenn sem koma með flugvélum. Það styður þann veruleika að eitt af lykilatriðum áfangastaðar er aðgengi, einnig er mikilvægt að samgöngur milli flugvalla og aðdráttarafls séu með góðu móti. Það liggur í augum uppi að helsta aðdráttarafl landsins er sú sérstaka og einstaka náttúrufegurð sem við búum við, kemur það sér vel í ferðaþjónustu á Íslandi í dag þar sem að Ísland sker sig úr hvað náttúruna varðar (Edward H. Huijbens og Gunnar Þ. Jóhannesson, 2013). Gaman er að segja frá því að Luxury Travel Guide hefur valið Ísland sem áfangastað ársins árið 2016, vegna landslags okkar og einstakrar sögu (Islandsstofa.is, 2016). Þegar fólk velur sér áfangastað er það ekki einungis að leita eftir einstakri upplifun, það sem það horfir mest til við val á áfangastað er

sú ímynd sem staðurinn er búinn að byggja upp, því er það mjög mikilvægt að vanda uppbygginguna á ímynd áfangastaðar (Edward H. Huijbens og Gunnar Þ. Jóhannesson, 2013).

### 3.4 Ímyndasköpun

Þar sem Ísland er í alla staði með fagra náttúru þá þarf ímyndasköpunin að hafa einhverja sérstöðu fyrir utan náttúruna. Einn af þeim þáttum sem gott er að nýta er sú skynjun sem ferðamaðurinn upplifir við að dvelja í þorpinu, með því að byggja ímyndina á jákvæðri upplifun ferðamannsins einfaldast ferlið til neytandans og komast skilaboðin skýrar til skila um hvað sé svona einstakt við áfangastaðinn (Qu, Kim, og Im, 2011). Til þess að mynda og byggja upp ímynd staðar þá þarf að gera grunn vinnu til að draga fram styrkleika og sérstöðu bæjarins. Þessi vinna skilar sér til ferðaþjónustuaðila með aukinni upplifun ferðamanna og sérstöðu á markaði. Það sem mikilvægt er að hafa í huga við sköpun ímyndarsvæða er að það þarf að skoða þætti eins og sögu, náttúru, hvað einkennir staðinn, hvað er mesta aðdráttaraflíð og svo framvegis (Skipulagsstofnun, 2015). Gott er að gera SVÓT-greiningu á svæðinu þar sem farið er yfir styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri (Edward H. Huijbens og Gunnar Þ. Jóhannesson, 2013). Ímynd áfangastaðar þróast með samtali allra hagsmunaaðila sem byggir á grunnildum áfangastaðarins. Þróunin á sér stað í gegnum víxlverkun milli allra þeirra sem hafa hagsmuna að gæta og stjórna því ekki af neinum einum (Saraniemi, 2011). Passa þarf að byggja ímyndina á þeim styrkleikum sem svæðið býr yfir til að styrkja samfélagið og tryggja að ekki glatist sá eiginleiki til að þróast og byggjast upp á jákvæðan og uppbyggilegan máta (Skipulagsstofnun, 2015)



## 4 Rannsóknaraðferð

Rannsóknaraðferðin er eigindleg og hefur rætur að rekja til fyrirbærafræði. Þessi aðferð er notuð til þess að ná betri skilning á upplifun fólks og mati á viðfangsefninu (Sigríður Halldórsdóttir, 2003). Til að vita stöðu mála og til að geta þróað starfsemi í rétta átt eru rannsóknir þarft skref, með hjálp rannsókna er hægt að sjá hvert best er að stefna. Þegar gerðar eru rannsóknir með eigindlegum hætti eins og í þessu tilfelli þá felur það í sér samræður milli rannsækenda og þátttakenda þar sem höfuð áherslan er á mat og reynslu þátttakenda (Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Þessi rannsókn er gerð til að öðlast betri skilning á stöðu og framtíð ferðamála á Suðureyri við Súgandafjörð og hvernig hagsmunaaðilar skynja þá framtíð. Rannsóknin byggist á þeirri upplifun sem fólk verður fyrir, þar af leiðandi getur gildismat verið mismunandi á milli viðmælenda. Aðstæður einstaklinga geta líka verið misjafnar og því haft töluverð áhrif á niðurstöðurnar. Eigindlegar aðferðir byggjast á því að ekkert er vitað fyrirfram og því leiðir rannsóknin svörunina og fram geta komið óvæntar niðurstöður sem ekki hefur verið búist við (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013) (Berg, 2008).

### 4.1 Viðmælendur og úrtaksaðferðir

Upphaflega var áætlað að ræða við Ísafjarðarbæ og helstu fyrirtæki á Suðureyri bæði hvað varðar ferðaþjónustuna og einnig fiskvinnslur, þar sem þorpið er lítið þá átti þetta að vera eins konar heildarúttekt. Vegna slæmrar þáttöku ferðaþjónustuaðila þá var ákveðið að taka einnig tvö viðtöl við íbúa til að fá þeirra innsýn í ritgerðina. Hjá Ísafjarðarbæ var fengið viðtal við upplýsingafulltrúann, ákveðið var svo að taka viðtöl við framkvæmdastjóra eða umsjónaraðila þeirra fyrirtækja sem vildu taka þátt í ritgerðinni. Reynt var að fá íbúa til að bjóða sig fram til þátttöku en þegar það gekk ekki eftir voru þeir valdir handahófskennt en höfðu það þó báðir sameiginlegt að hafa skoðanir á hlutunum og bera hag þorpsins fyrir brjósti.

## 4.2 Framkvæmd og úrvinnsla

Tekin voru hálfstöðluð einstaklingsviðtöl, þessi tegund viðtala eru sveigjanleg þar sem spurningarnar geta bæði þróast og breyst. Það er því ekki vitað fyrirfram hvernig viðtalið mun þróast, það er í rauninni ætlast til þess að spyrjandinn kanni svörun frekar þegar við á. Það er gert með því markmiði að fá betri dýpt í svöruninni og auka skilning á viðfangsefninu (Berg, 2008).

Viðtölin við fyrirtækin og Ísafjarðarbæ voru tekin í mars mánuði 2016 og var tímalengd þeirra frá allt að tuttugu mínútum upp í einn klukkutíma. Viðtölin voru tekin upp með diktafón og því næst skrifuð niður á tölvutækt form. Viðtölin við íbúa voru hins vegar ákveðin seinna í ferlinu og voru þau viðtöl því tekin í gegnum tölvupóst þar sem spurningalisti var sendur á viðkomandi aðila, honum svarað og hann sendur til baka. Þar sem að meirihluti íbúanna sem tóku þátt í rannsókninni vildu ekki láta nafns síns getið þá er öllum nöfnum sleppt í íbúakaflanum í úrvinnslu viðtalanna. Ekki var hægt að hafa nákvæmlega sama spurningalista fyrir alla hópana þó spurningarnar hafi allar verið svipaðar og oft þær sömu þá komu inn á milli spurningar sem ekki áttu við alla hópa svo úr varð að samdir voru fjórir mismunandi spurningalistar; fyrir íbúa, fyrirtæki, ferðaþjónustu og stjórnsýslu.

## 4.3 Helstu áskoranir

Helsta áskorunin reyndist vera að fá ferðaþjónustufyrirtækin til að taka þátt í verkefninu. Flest þau sem ekki tóku þátt svöruðu ekki og geri ég ráð fyrir því að ástæðan hafi verið sú að öll sú þjónusta er lokuð yfir vetrarmánuðina og því erfitt að ná sambandi við stjórnendur í gegnum hefðbundnar leiðir. Einnig kom upp sú staða að eitt af fyrirtækjunum virtist ekki hafa tíma til að hægt væri að koma sér saman um tímasetningu fyrir viðtalið en virtist samt hafa áhuga á að vera með og á endanum þá var hætt við þátttöku þess í verkefninu. Ein af áskorunum var líka reynsluleysi mitt hvað varðar að taka viðtöl og er ég ekki viss um að ég hafi náð öllu því fram sem ég hefði getað ef ég hefði haft meiri reynslu. Það var líka töluverð áskorun að semja spurningalistann en ekki var hægt að hafa sama spurningalistann fyrir íbúa, fyrirtæki, ferðaþjónustu og stjórnsýslu þó þeir hafi verið frekar líkir.

## 5 Niðurstöður

### 5.1 Úrvinnsla viðtala

Hér fyrir neðan mun ég fara yfir þau viðtöl sem tekin voru, draga þau saman til að auðvelda yfirferð fyrir umræðukaflann.

#### 5.1.1 Fisherman

Elías Guðmundsson (2016) er stofnandi og framkvæmdastjóri Fisherman, hann stofnaði fyrirtækið árið 2000 en opnaði fyrstu fjögur herbergin í maí 2001. Herbergin voru með lágmarkspjónustu þar sem ferðamenn gátu fundið morgunmatinn í ísskápnum. Árið 2005 stækkaði fyrirtækið all verulega þegar bætt var við öðru húsi og þar af leiðandi fleiri herbergjum. Í júlí 2006 opnaði svo veitingastaðurinn sem er enn starfandi í dag og sérhæfir sig í fiskafurðum og er innréttaður með þema af sjávarslóðum. Árið 2007 fór Elías á fullt í að koma á laggirnar sjóstangaveiðum á Suðureyri en í kjölfari hrunsins ákvað hann að selja sinn hlut í sjóstangaveiðifyrirtækinu og í framhaldinu tók hann sér tæplega tveggja ára frí og leigði reksturinn á hótelinu og veitingastaðnum á meðan. Þegar Elías kom til baka fór hann af fullum krafti í að endurskipuleggja fyrirtækið, svo opnaði hann kaffihús árið 2013 og á sama tíma byrjaði hann með matarferðirnar. Matarferðirnar hafa notið mikilla vinsælda og ganga þær út á það að ferðamenn fái að fræðast um sögu þorpsins á meðan þeir njóta þeirra afurða sem framleiddar eru á Suðureyri. Matarferðin er gönguferð um þorpið með fjórum viðkomustöðum, fyrsti viðkomustaðurinn er við fiskvinnsluna Íslandssögu, næsti viðkomustaður er gamall fiskhjallur, þriðji viðkomustaðurinn er svo við hausþurrkunina Klofning og svo að lokum er farið í aðsetur matarferðarinnar og þar er matreitt fyrir gestina.

Elías hefur fyrir vinnu sína hlotið hvatningaverðlaun frá Atvinnu- og menningarmálanefnd Ísafjarðabæjar 2015. Viðurkenninguna fékk hann í gegnum fyrirtækið Fisherman fyrir störf og frumkvæði í ferðapjónustu, fyrir framlag fyrirtækisins til menningarlífs sveitafélagsins með afþreyingu og fræðslu undanfarin 15 ár (Halla Ólafsdóttir, 2016). Þegar Elías var

spurður út í frumkvöðlastarf þá svaraði hann að auðvitað hafi verið unnið frumkvöðlastarf á Suðureyri og mætti þá helst nefna tvennt; sjóstangaveiðina en það verkefni sker sig úr vegna stærðar verkefnisins og svo það markaðsstarf að markaðssetja heilt þorp sem spennandi áfangastað, og sú vinna hefur verið í stöðugri þróun með hverju árinu (Elías Guðmundsson munnlegt viðtal, 2016).

Elías taldi stöðuna á fyrirtækinu misjafna eftir tímabilum en sagði að hún væri eiginlega jafn erfið núna eins og hún var í byrjun en viðfangsefnin væru bara af öðrum toga. Fyrir tveimur árum var tekin sú stefna að hafa lokað yfir vetrartímamann og hætta að eyða tíma og orku í vetrarstarf sem Elías sagðist ekki hafa trú á eins og staðan væri í dag. Hann vildi hins vegar einbeita sér að því að gera þessa 150 daga yfir sumarvertíðina eins vel og hægt væri. Hann sagði að þrátt fyrir stefnu þeirra að loka yfir vetrartímamann þá hefði hann opnað gístaðstöðuna fyrir fólk sem pantaði sér herbergi með fyrirvara og það ætti einnig við um veitingastaðinn en þá þurfi að panta fyrir heilu veislurnar og græjuðu þau sig þá sérstaklega fyrir þær (Elías Guðmundsson munnlegt viðtal, 2016).

Þegar Elías (2016) var spurður út í samstarf þá talaði hann um klasasamstarf sem fyrirtækin á Suðureyri stofnuðu árið 2005, hópurinn náði að safna saman töluverðu af peningum til að vinna í samfélagsverkefnum í þorpinu eins og skipulagningu, göngustígagerð, gerð gönguleiðakorts yfir Klofningsheiði og margt fleira. Í dag er félagið ekki virkt þó svo að kennitalan sé ennþá til. Elías sagði að þeir hefðu margoft reynt að fá bæjaryfirvöld til að sýna áhuga og taka þátt í klasasamstarfinu en það hefði ekki gengið eftir og þar af leiðandi hefði þetta bara hægt og rólega fjarað út. Elías sagði það vera nær ómögulegt að standa í slíkri vinnu þegar enginn grundvöllur væri til umræðu við sveitarfélagið (Elías Guðmundsson munnlegt viðtal, 2016). Þegar Elías var spurður út í samstarf hans við Ísafjarðarbæ, þá kom töluvert annað hljóð í hann, eins og um þreytu væri að ræða. Hann sagði að auðvitað gæti maður ekki stofnað og rekið fyrirtæki nema í samstarfi við sveitarfélagið en Ísafjarðarbær hefði samt mátt sýna aðeins meiri áhuga. Var hann þá sérstaklega að vísa í deiliskipulagsmál sem hefðu valdið töluverðum óþægindum í hans framkvæmdum í gegnum árin, fyrst hvað varðar sjóstangaveiðina og svo núna við verkefni sem hann er að vinna að sem tengist Suðureyrarmöllum. Það deiliskipulag hefur verið í gangi síðan 2009 og er fyrst á þessu ári að ganga í gegn hjá Ísafjarðarbæ þó svo að Fisherman, í samstarfi við ferðamálastofu, hafi verið búinn að vinna mest alla forvinnuna fyrir þá (Elías Guðmundsson munnlegt viðtal, 2016)

Verkefnið Suðureyrarmalir byggir á því að Fisherman vill færa enn meira út kvíarnar með því að byggja upp og þroska starfsemi sína en vegna skorts á deiliskipulagi þá hefur sá möguleiki ekki verið fyrir hendi og því fór Elías með tilheyrandi kostnaði í þá vinnu sem þurfti til að koma því í farveg. Elías taldi hins vegar að sá peningur og sú vinna sem fór í þetta hafi ekki verið boðlegur fyrir eins lítið fyrirtæki og alls ekki ásættanlegt að hafa þurft að standa í stappi við sveitarfélagið til að koma grunnstoðum samfélagsins á laggirnar, það sé nefnilega ekki eingöngu hagur fyrirtækisins að hafa deiliskipulag heldur alls samfélagsins (Elías Guðmundsson munnlegt viðtal, 2016). Þegar Elías var spurður að því hvað hefði komið honum mest á óvart í þessu ferli, þá var það hvað áhugaleysi bæði embættismanna og kjörinna fulltrúa hjá Ísafjarðarbæ var algjört, hvernig mál hefðu tafist þeirra vegna og að áhugaleysið hafi virst vera það mikið að það hafi enginn verið hinum megin við borðið til að taka samtalið við ferðaþjónustuaðila að nokkru viti (Elías Guðmundsson munnlegt viðtal, 2016).

Þegar Elías var spurður að því hvernig íbúar hefðu tekið hans rekstri sagði hann að það hafi verið allur gangur á því, það hafi eiginlega farið eftir aðstæðum hverju sinni (Elías Guðmundsson munnlegt viðtal, 2016). Þegar horft er til framtíðar er Elías ekki viss hvort hann verði virkur aðili í ferðaþjónustunni í framtíðinni, hann ætli að gefa þessu nokkur ár í viðbót og svo muni hann endurskoða stöðuna. Elías taldi hins vegar framtíðarhorfur ferðamála á Suðureyri vera töluvert miklar og þá ekki í því formi að fjölga gistimöguleikum heldur að styrkja tengingu þorpsins við ferðamennina þar sem gestir gætu fengið sterkari upplifun af vistvænu sjávarþorpi (Elías Guðmundsson munnlegt viðtal, 2016).

### **5.1.2 Íbúar**

Þeir íbúar sem rætt var við eru almennt séð mjög sáttir við ferðaþjónustuna á Suðureyri og eru glaðir með aukið þjónustustig yfir sumartímamann en telja að opnunartími mætti vera meiri bæði yfir sumar og þó sérstaklega yfir vetrarmánuði. Íbúar telja að almennt gangi ferðaþjónustunni vel, hins vegar er uppi sá orðrómur að Comfy guesthouse muni hugsanlega ekki opna í sumar enda hafi fyrirtækið verið á sölu síðustu árin og ekki vitað hvernig staðan á því sé. Íbúum finnast framtíðarhorfur ferðamála almennt góðar en telja að það þurfi að fylgja því verkefni vel eftir með áhuga og natni. Einnig eru uppi áhyggjur af samgöngum, kom upp sú hugmynd að jafnvel þyrfti að flytja flugvöllinn á betri

staðsetningu svo hægt væri að nota hann við fleiri veðurskilyrði. Súgfirðingar virðast ekki hafa neina hugmynd um hver aðkoma Ísafjarðarbæjar að ferðamálum á Suðureyri sé eða telja hana afskaplega litla.

Heimamenn eru afar ánægðir með þá þróun sem hefur orðið í þorpinu eftir að ferðaþjónustan fór að blómstra því að bærinn lítur töluvert betur út og fólk er duglegt við að viðhalda húsum sínum hvort sem verið er að tala um sumarhús eða heilsárshúsin. Ferðaþjónustan hefur líka breytt áherslum sínum og hafa verið tekin niður skilti sem íbúum þóttu ekki til þryði og er núverandi auglýsingaefni töluvert þroskaðra og nútímalegra. Einnig kom fram að bærinn fyllist af lífi yfir sumartímenn en svo er líka alltaf gott þegar fólkinu fækkar aftur á haustin og bæjarfélagið fer í sína rútínu yfir vetrartímenn. Skiptar skoðanir eru á því hvort eitthvað samstarf sé við íbúa svæðisins, sumum finnst engin samskipti vera á milli á meðan öðrum finnst ferðaþjónustan virkur aðili í að taka þátt í að styrkja þá starfsemi sem íbúar hafa sett sér fyrir. Einnig eru skiptar skoðanir á hvort fyrirtæki innan Suðureyrar hafi unnið saman að uppbyggingu ferðaþjónustunnar, bæði komu svör um að svo væri ekki og líka að það hafi verið reynt eftir bestu getu. Íbúar vildu einnig koma því á framfæri við rekstaraðila Fisherman hversu ánægjulegt það væri að íslenskumælandi fólk skyldi vera við afgreiðsluna í kaffihúsinu í flestum ef ekki öllum tilfellum en hins vegar væri miður að heimasíða fyrirtækisins væri ekki aðgengileg á íslensku og einnig á það við um Icelandic pro fishing.

### **5.1.3 Íslandssaga og Klofningur**

Óðinn Gestsson er framkvæmdastjóri Íslandssögu en Guðni Einarsson er framkvæmdastjóri Klofnings og hafa bæði fyrirtækin með óbeinum eða beinum hætti tekið þátt í ferðaþjónustunni á Suðureyri. Íslandssaga hefur tekið þátt með því að veita aðgang að fiskvinnslusal sínum, þar sem ferðamenn geta pantað sér ferð með leiðsögn í gegnum frystihúsið til að sjá það ferli sem fiskurinn fer í gegnum frá því hann kemur að landi þangað til hann fer í flug erlendis (Óðinn Gestsson munnlegt viðtal, 2016). Klofningur hefur tekið meira óbeinan þátt með því að hafa starfsmann allt sumarið sem sér um að fegra bæinn með því að sinna tilfallandi verkefnum, hvort sem það er að tína rusl, slá gras eða planta blómum (Guðni Einarsson munnlegt viðtal, 2016).

Bæði fyrirtækin eru dugleg í að styrkja ferðaþjónustuna með því að nýta þá þjónustu sem í boði er bæði þegar kemur að golfmótum fyrirtækjanna, fundarhöldum og árshátíðum

(Guðni Einarsson munnlegt viðtal, 2016). Báðir aðilar hafa verið sáttir við þá ímyndasköpun sem hefur verið unnin fyrir Suðureyri og segir Óðinn að hann hafi veitt móralskan stuðning frá upphafi með því að veita aðgang að þeim tækjum og tólum sem hans fyrirtæki hefur í fórum sínum (Óðinn Gestsson munnlegt viðtal, 2016). Guðni hins vegar er ekki á því máli að þeirri vinnu sé lokið þar sem hann vill sjá þetta meira fjölskyldumiðað og nefnir hann að markaðssetja þurfi meiri afþreyingu og telur upp sem dæmi sjóstangaferðir fyrir fjölskyldur þar sem hægt verði að hoppa um borð og veiða sér í soðið. Einnig vill hann sjá litlar leiksýningar á nokkrum tungumálum sem hægt er að halda sama hvernig viðrar, er hann þá að tala um leiksýningar sem líkjast leikverkinu „Skáldið að Þröm“ sem flutt var á Suðureyri fyrir nokkru síðan af Ársæli Níelssyni (Guðni Einarsson munnlegt viðtal, 2016).

Þegar þeir eru spurðir út í það frumkvöðlastarf sem unnið hefur verið í firðinum liggur ekki á svörum og Óðinn er fljótur að svara að það sé nú ekki oft sem maður sjái að heilt þorp sé markaðssett sem áfangastaður og er það töluvert frumkvöðlastarf að hans mati og trúir hann því að ferðaþjónustan á Suðureyri sé ein af þeim fyrstu til að gera slíkt á Íslandi (Óðinn Gestsson munnlegt viðtal, 2016). Guðni nefnir hins vegar sjóstangaveiðina en hann segir að Súgfirðingar hafi verið fyrstir með hana hér á landi og svo hafi þeir þróað hana áfram til að henta betur stærð þorpsins. Upphaflega flökuðu veiðimennirnir sjálfir aflann og var það eiginlega ekki boðlegt þar sem allt of margir ferðamenn voru um alla bryggju að flaka fisk. Þessu var svo breytt þannig að nú landa allir hjá Íslandssögu og fá svo fullunna vöru með sér heim sem er töluvert snyrtilegra og betra fyrirkomulag en áður var (Guðni Einarsson munnlegt viðtal, 2016).

Báðir eru þeir sammála um það að ferðaþjónustan sé kærkomin viðbót við bæði efnahag og mannlíf þorpsins en telja að ferðaþjónustan ætti erfitt með að standa undir sér án þeirra fyrirtækja sem eru á staðnum fyrir (Guðni og Óðinn munnlegt viðtal, 2016), sérstaklega þar sem 70% íbúa vinna við fiskvinnsluna. Telur Óðinn að ferðaþjónustan á svæðinu sé samtvinnuð fiskiðnaðinum að því leyti að á meðan fiskvinnslunni gengur vel muni ferðaþjónustan pluma sig vel (Óðinn Gestsson munnlegt viðtal, 2016), sérstaklega í ljósi þess að ferðaþjónustan starfar ekki allt árið um kring (Guðni Einarsson munnlegt viðtal, 2016). Einnig telja þeir að samgöngur til Vestfjarða megi bæta sem fyrst og eru þeir þá aðallega að tala um vegakerfið sem er ekki með besta móti á Vestfjörðum (Guðni og Óðinn munnlegt viðtal, 2016). Guðni telur að framtíð Suðureyrar í ferðamálum felist í

uppbyggingu gamla þorpsins, Guðni er þá að vísa í sama verkefni og Elías talaði um en þar er það kallað Suðureyrarmalir. Einnig talar hann um heita vatnið sem vænlegan kost í framtíðasýn þar sem hægt væri að byggja skemmtilegan vatnagarð (Guðni Einarsson munnlegt viðtal, 2016). Óðinn hins vegar lítur á umhverfið og vill fara að fegra í kringum sig og nefnir hann hafnarsvæði sem hann hefur heimsótt erlendis, hvað allt sé snyrtilegt og vel frágengið og vill hann sjá þá þróun á Suðureyri. Hann bendir á að vissulega geti verið að ferðamenn séu að sækjast eftir að sjá trillur uppi á kömbum með tilheyrandi tjörulykt og slori, hann sé hins vegar að reka matvælafyrirtæki og þetta þurfi að laga (Óðinn Gestsson munnlegt viðtal, 2016).

Þegar Óðinn er spurður út í það hver ástæðan sé fyrir velgengni ferðapjónustunnar, þá er hann nokkuð viss um að hún sé að mestu leyti út af dugnaði hjá Elíasi og þeirri vinnu sem hann hefur lagt í verkefnið vistvænt sjávarþorp og hann telur að auðvitað hafi ekki skemmt fyrir þeirri vinnu hvað fyrirtækin á svæðinu hafi tekið honum vel (Óðinn Gestsson munnlegt viðtal, 2016). Vetrarferðamennska er eitthvað sem hefur verið hugsað út í en þá kemur alltaf upp það sama og það eru samgöngur og öryggi ferðamanna. Guðni telur að á meðan ekki sé hægt að tryggja öryggi ferðamanna yfir vetrarmánuði þá sé mjög erfitt eða nær ómögulegt að vera að byggja upp vetrarferðamennsku. Honum finnst allt of mikið um þau mistök á Íslandi að byrjað sé á röngum enda hvað þetta málefni varðar (Guðni Einarsson munnlegt viðtal, 2016). Óðinn er honum sammála þó svo að það finnst hugsanlega alveg fólk sem hafi áhuga fyrir því að sitja fast einhvers staðar í snjó og hríð, þó það sé ekki eitthvað sem hann myndi vilja gera mikið af sjálfur (Óðinn Gestsson munnlegt viðtal, 2016).

#### **5.1.4 Ísafjarðarbær**

Hálfván B. Hálfvánsson er upplýsingafulltrúi Ísafjarðabæjar og telur hann að staðan í dag sé ekki góð hvað varðar vetrarferðamennsku. Hann bendir á að með bættum samgöngum eins og Dýrafjarðargöngum muni opnast ný sóknarfæri til að selja ferðapakka hingað vestur en það séu ennþá þrjú til fjögur ár þangað til þau göng verði fullkláruð (Hálfván B. Hálfvánsson munnlegt viðtal, 2016). Talandi um pakka þá finnst Hálfváni frekar öfundsvert hvað Súgfirðingar séu samstíga hvað varðar þema þorpsins sem vistvænt sjávarþorp og nefnir hann að þessi vinna hafi verið unnin í klasasamstarfi með heimamönnum. Miðað við þessa samstöðu þá telur hann að Suðureyri eigi bjarta framtíð



fyrir sér í ferðamálum og væri hann til í að sjá meiri samstöðu á Ísafirði um fleiri málefni. Honum finnst æðislegt að verið sé að auglýsa Suðureyri sem krúttlegasta sjávarþorp á landinu og telur að heimamenn séu að ná töluverðum árangri þó svo að árangurinn hafi stigið hægt upp þá er hann á uppleið og vonast Hálfván eftir því að þessi velgengi muni halda áfram (Hálfván B. Hálfvánsón munnlegt viðtal, 2016).

Telur Hálfván að velgengnin hafi byrjað af fullum krafti þegar Fisherman fór að sækja ferðamenn af skemmtiferðaskipunum til að koma í matarferðirnar og beina markaðsstefnu sinni að þeim ferðamönnum (Hálfván B. Hálfvánsón munnlegt viðtal, 2016). Þegar ég spyr Hálfván út í markaðsstefnu varðandi ferðamál þá nefnir hann að allir þeir fjármunir sem Ísafjarðarbær leggur í auglýsingar fari í gegnum markaðsstofu Vestfjarða fyrir utan „Port of Ísafjörður“ bæklingana sem eingöngu eru gefnir út fyrir skemmtiferðaskipin. Þetta sé gert til þess að styrkja stöðu Vestfjarða sem áfangastaðar því ekki sé mikið vit í að vinna einn í þeim málum og að Vestfirðir komi sterkari út sem ein heild (Hálfván B. Hálfvánsón munnlegt viðtal, 2016). Þegar Hálfván er spurður út í þá ímynd sem sýnd er af Suðureyri í „Port of Ísafjörður“ bæklingnum þá talar hann um að allsstaðar sé talað um vinalaga litla sjávarþorpið, að Suðureyri sé holdgervingur sjávarþorpa á Íslandi. Suðureyri sé lítill bær þar sem auðvelt sé að ganga um og kynna sér allt ferlið sem fiskvinnslan hefur í för með sér, allt frá því hvernig fiskurinn er veiddur, verkaður, matreiddur og svo sé líka hægt að borða hann á staðnum (Hálfván B. Hálfvánsón munnlegt viðtal, 2016).

Þegar umræðan fer út í deiliskipulagið um Suðureyrarmalir þá er Hálfván ekki viss um hvort að Fisherman hafi séð um vinnuna við það en hann telur það trúlegt. Hann veit þó að Elías stóð fyrir deiliskipulaginu sem unnið var fyrir sjóstangaveiðina á sínum tíma. Í deiliskipulaginu er verið að áætla þær lóðir sem má byggja á og er sú hugmynd uppi um að byggja upp í gömlum stíl sem endurspeglar ímynd þorpsins sem vistvænt sjávarþorp. Einnig er gert ráð fyrir hellulögðum göngustíg við Rómarstíg sem Ísafjarðarbær áætla að fara í framkvæmdir við í sumar, svo er gert ráð fyrir göngustíg meðfram grjótgarðinum (Hálfván B. Hálfvánsón munnlegt viðtal, 2016).

Ferðamálastefna Ísafjarðarbæjar segir Hálfván að sé væntanleg og hann sé ekki viss um hvenær nákvæmlega áætlaður útgáfudagur hennar sé. Þegar ég spyr Hálfván um tjaldsvæði á Suðureyri og hvort Ísafjarðarbær ætli að byggja upp eitt slíkt þá er lítið um svör. Umhverfis- og framkvæmdanefnd Ísafjarðarbæjar hefur verið að ræða það hvort að bærinn eigi yfir höfuð að vera að reka tjaldsvæði og á nefndin eftir að móta stefnu hvað það varðar.

Hins vegar er þetta réttmæt spurning, af hverju er verið að rekja tjaldsvæði á Þingeyri og Flateyri en ekki á Suðureyri?, og hefur það verið út af því að á tveimur fyrrnefndum stöðum er hægt að samnýta starfskrafta sundlauganna og tjaldsvæða en vegna plássleysis við sundlaugina á Suðureyri þá gefst ekki kostur á því. Ísafjarðarbær hefur hins vegar byggt upp flott og mikið tjaldsvæði í Tungudal því þar hefur alltaf verið hefð fyrir tjaldsvæði en á sama tíma bendir hann á að tjaldsvæðinu við Dynjanda hafi verið lokað og verður ekki opnað yfir sumartímamann. (Halldán B. Halldánason munnlegt viðtal, 2016).

## 5.2 SVÓT-Greining ferðapjónustu Suðureyrar

SVÓT-greining er gott tæki til að sjá stöðu fyrirtækja innan bæði samfélagsins og markaðarins, til að hjálpa til við áframhaldandi þróun með því að skoða styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri. Það má ef til vill færa rök fyrir því að listarnir hérna að neðan gætu litið allt öðruvísi út, þessi samantekt er hins vegar fengin með því að fara yfir þær upplýsingar sem á undan eru komnar, sjá Tafla 5-1.

Tafla 5-1 SVÓT-greining

	INNRA	YTRA
JÁKVÆTT	<p><b>STYRKLEIKI</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Áralöng hefð og þekking á útgerð og fiskvinnslu</li> <li>• Bæjarhátíðir</li> <li>• Ferskur fiskur</li> <li>• Fögur náttúra og nálægð við hafið</li> <li>• Hluti af stærri byggðakjarna</li> <li>• Jarðvarmi</li> <li>• Samstaða fyrirtækja</li> <li>• Vatnsvirkjun</li> <li>• Virkt samfélag</li> <li>• Vistvænar veiðar</li> </ul>	<p><b>TÆKIFÆRI</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Deiliskipulagið Suðureyrarmalir</li> <li>• Dýrafjarðargöng</li> <li>• Fögur náttúra og nálægð við hafið</li> <li>• Hellulagður göngustígur á Rómarstíg</li> <li>• Jarðvarmi</li> <li>• Sjávarþorpið Suðureyri</li> <li>• Skemmtiferðaskip</li> <li>• Tjaldsvæði</li> <li>• Óvirkt klasasamstarf</li> </ul>
NEIKVÆTT	<p><b>VEIKLEIKI</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Einhæf atvinna</li> <li>• Hár ferða- og flutningskostnaður</li> <li>• Lágt þjónustustig</li> <li>• Samgöngur, bæði vegakerfið og flug</li> <li>• Tjaldsvæðið</li> </ul>	<p><b>ÓGNANIR</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Brottf lutningar úr dreifbýli í þéttbýli</li> <li>• Fámenni</li> <li>• Ómarkviss stjórnsýsla</li> <li>• Ótryggt fiskstjórnunarkerfi</li> <li>• Samgöngur, bæði vegakerfið og flug</li> <li>• Veðurfar</li> </ul>

### **5.2.1 Styrkleikar**

Styrkleikarnir sem gott er fyrir ferðþjónustuna að hafa í huga eru aðgengi að ferskum fiskafurðum, fögur náttúra og stutt í hafið, í firðinum er bæði að finna jarðvarma og vatnsvirkjun. Samstaða fyrirtækja á svæðinu er góð og virkni í samfélaginu er mikil, enda eru tvær bæjarhátíðir haldnar á Suðureyri ár hvert. Þorpið er partur af stærri byggðakjarna og útgerðirnar stunda vistvænar veiðar svo ekki sé minnst á þá áralöngu þekkingu sem fyrirfinnst bæði hvað varðar útgerð og fiskvinnslu.

### **5.2.2 Veikleikar**

Veikleikarnir sem hafa verið nefndir eru nokkrir og má þar nefna skort á góðu tjaldsvæði, ótraustar og dýrar samgöngur, bæði akandi og fljúgandi, þjónustustig svæðisins er töluvert lágt og atvinnan er einhæf þar sem ekki eru mörg fyrirtæki sem starfa í þorpinu.

### **5.2.3 Ógnanir**

Það þarf ekki mikið til, til að ógna litlum fyrirtækjum. Það sem helst mátti finna í köflunum hér á undan voru ómarkviss stjórnsýsla, ótraustar samgöngur, bæði vegakerfið og flugið, þar sem veðurfarið á Íslandi getur verið slæmt allt árið. Fiskstjórnunarkerfið hefur ekki verið sérstaklega hagstætt þegar kemur að smærri útgerðum, þar að auki er Suðureyri fámennt þorp og er sú ógn stöðugt fyrir hendi að fleiri flytji til þéttbýlli svæða.

### **5.2.4 Tækifæri**

Mikið af tækifærum eru í firðinum, sérstaklega núna þegar deiliskipulagið er komið í gagnið. Þá er hægt að halda áfram að þróa og vinna með þemað sjávarþorpið Suðureyri. Fyrirhugaðar hellulagnir Ísafjarðarbæjar er hægt að nýta til að þróa gönguferðirnar um þorpið betur og alltaf er hægt að nýta náttúru og jarðvarma fyrir ferðþjónustuna. Uppbygging tjaldsvæðis yrði sterkur leikur, sérstaklega í tengslum við áætlað aukið flæði ferðamanna með tilkomu Dýrafjarðarganga. Einnig væri hugsanlega hægt að selja fleiri og fjölbreyttari ferðir til ferðamanna af skemmtiferðaskipunum sem koma til Ísafjarðar. Þó svo að klasasamstarfið sé í dag óvirkt þá verður að telja það til styrkleika þar sem það er alltaf gott að fyrirtæki vinni saman að settum markmiðum.

## 6 Umræður

Markmið þessarar ritgerðar var að svara tveimur rannsóknarspurningum. Sú fyrir var *Hver er staða ferðamála í sjávarþorpinu Suðureyri?* en sú seinni var *Hvernig eru framtíðarhorfur ferðamála á Suðureyri?*

Áfangastaðurinn Suðureyri við Súgandafjörð hefur töluvert mikið aðdráttarafl hvað það varðar að vera stór partur af þeirri náttúruferlu sem Vestfirðir eru, þar sem fjörðurinn er einstakur og lífið í honum líka. Aðstaðan sem ferðaþjónustan býður upp á verður betri og flottari með hverju árinu enda er ferðaþjónustan í stöðugri þróun miðað við eftirspurn og getu. Það sem hins vegar mætti vera betra er aðgengið og þá er verið að tala um samgöngur. Samgöngur eru endalaust umræðuefni á Vestfjörðum og núna loksins eru Dýrafjarðargöng komin á dagskrá en það eru þrjú til fjögur ár þangað til hægt verður að opna þau og margt getur gerst í ferðaþjónustunni á þeim tíma, sérstaklega þegar hún er á eins afskekktu svæði sem þarf að sækja til sín flest alla ferðamenn. Allir viðmælendurnir töluðu um samgöngur á einn eða annan hátt enda ekki að furða þegar um afskekkt svæði er að ræða.

Ferðaþjónusta í dreifbýli er vandmeðfarin og hefur ferðaþjónustan á Suðureyri gætt þess að hafa hlutina eins ekta og kostur er á og eru þeir farnir að uppskera eftir því eins og Hálfán, upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar bendir á. Aðal vandamál ferðaþjónustunnar virðist hins vegar vera tvíþætt; annars vegar þarf Ísafjarðarbær að passa að svara kalli ferðaþjónustunnar um virkt samtal, eins og Elías talar um. Því með því að svara ekki því kalli virðist Ísafjarðarbær vera að halda aftur af þeirri þróun sem áfangastaðurinn Suðureyri er að móta sér. Einnig þarf ferðaþjónustan ásamt Ísafjarðarbæ að gæta stöðunnar hvað varðar samfélagið og passa að vinna allar framkvæmdir og þróanir í samstarfi, sátt og samlyndi með íbúum svæðisins, en miðað við svör íbúa þá er ekki mikið verið að spyrja þau álits hvað varðar stefnumál ferðaþjónustunnar. Þessi liður er mikilvægur til að gæta að þolmörkum heimamanna hvað varðar ferðaþjónustuna og þá ferðamenn sem sækja þorpið heim. Sú þróun sem þarf helst að sporna við í eins afskekktum stöðum og Suðureyri, er að þorpið verði ekki að sumarleyfisbæ og að líf haldist í þorpinu allt árið. Til að koma í veg

fyrir slíka þróun þurfa yfirvöld að passa að styrkja þá starfsemi sem nú þegar er á svæðinu og heldur lífi í fólki yfir vetrartímann jafnt sem sumartímann.

Ímyndasköpun á svæðinu hefur gengið vel og byrjaði hún af alvöru með klasasamstarfi helstu fyrirtækjanna á svæðinu að sögn ferðaþjónustunar. Æskilegt væri að halda því á lífi til áframhaldandi samstarfs til að styrkja innviði samfélagsins og þá þróun sem á sér stað í þorpinu. Þetta samstarf getur hjálpað til við að vinna á þeim ógnum og veikleikum sem ferðaþjónustan glímir við á eins afskekktum stað eins og þessum. Sérstaklega þar sem tækifærin eru ívið sterkari en ógnirnar þó svo að margar af ógnunum séu illviðráðanlegar ef að þeim kemur, en ef ekki þá stendur ferðaþjónustan og fyrirtækin á svæðinu eftir sterkari en áður með samvinnu og virðingu hvort við annað. Miðað við þær upplýsingar sem fengust í rannsókninni þá er gaman að sjá hvað ferðaþjónustan hefur markvisst stuðst við, nýtt og eflt þá styrkleika sem fjórðurinn hefur upp á að bjóða með ímyndasköpun sinni og það frumkvöðlastarf sem unnið hefur verið með þróun áfangastaðarins. Ýtir þetta undir upplifun ferðamannsins og gefur ferðaþjónustunni faglegt yfirbragð, þessi vinna hefur í för með sér að bæði ferðaþjónustan og samfélagið er sterkara fyrir vikið.

Miðað við niðurstöður rannsóknarinnar þá telja allir aðilar að framtíð ferðamála á Suðureyri sé björt en gæta verður að því að hlúa vel að henni og vinna hana eins vel og kostur er á, eins og gert hefur verið fram að þessu. Sóknarfærin eru töluverð þrátt fyrir erfiðleika hvað varðar aðgengið og gæti það lagast á næstu árum með tilkomu Dýrafjarðarganga.

## 7 Lokaorð

Þetta verkefni hefur verið unnið með það markmið að fara yfir stöðu mála í ferðamálum á Suðureyri við Súgandafjörð og kynnast viðhorfi hagsmunaaðila og íbúa til þess hversu bjarta þeir telja framtíð ferðamála í þorpinu. Niðurstöðurnar komu svo sem ekki á óvart, það sem hins vegar kom á óvart er hversu óvirkur Ísafjarðarbær virðist hafa verið hvað varðar stefnumótun fyrir ferðamál á Vestfjörðum. Miðað við þær upplýsingar sem komu fram hér að ofan virðist Ísafjarðarbær vera að taka við sér þetta árið með samstarfi við markaðsstofu Vestfjarða, með vinnslu á ferðamálastefnu bæjarfélagsins og með því að koma deiliskipulaginu í réttan farveg.

Bæði íbúar og hagsmunaaðilar eru bjartsýnir á framtíð ferðamála á Suðureyri og allir telja að vel þurfi að halda á þeim spilum sem ferðaþjónustuaðilar hafi fengið úthlutað. Að sama skapi er töluverð vinna framundan með áframhaldandi markaðsstarf á sjávarþorpinu Suðureyri. Til framtíðar væri gaman að sjá rannsókn um þolmörk íbúa á Suðureyri gagnvart ferðamanninum og jafnvel hvaða hópur ferðamanna sæki staðinn heim, upplýsingar sem kæmu úr þeim rannsóknum gætu sýnt betur hvernig ferðamál á Suðureyri væru að ganga og hvert væri æskilegt að ferðaþjónustan stefndi.

## 8 Heimildaskrá

Act Alone. (án dags.). Sótt 27. janúar 2016 frá <http://actalone.net/>

Agnar Hansson, Halla Tómasdóttir, Guðrún M. Sigurðardóttir, Lúðvík Elíasson og Rögnvaldur J. Sæmundsson. (2002). *Global Entrepreneurship Monitor 2002 Ísland - Frumkvöðlar Þrátt fyrir allt*. Reykjavík: Háskólinn Í Reykjavík.

Berg, B. L. (2008). *Qualitative research methods for the social sciences*. Boston: Allyn and Bacon.

Byggðastofnun. (2013). *Byggðarþróun á Íslandi Stöðugreining 2013*. Reykjavík: Byggðastofnun.

Comfy guesthouse. (án dags.). Sótt 02. febrúar 2016 frá <http://www.comfy.is/>

Edward H. Huijbens og Gunnar Þ. Jóhannesson. (2013). *Ferðamál á Íslandi heildstætt grundvallarrit um ferðamál*. Reykjavík: Mál og menning.

Fisherman.is. (án dags.a). *A message from the KITCHEN*. Sótt 9. apríl 2016 frá <http://fisherman.is/index.asp?lang=enogcat=26ogpage=0>

Fisherman.is. (án dags.b). *CAFE the heart of the town*. Sótt 9. apríl 2016 frá <http://fisherman.is/index.asp?lang=enogcat=48ogpage=0>

Fisherman.is. (án dags.c). *Velkomin í sjávarþorpið Suðureyri*. Sótt 25. mars 2016 frá <http://www.fisherman.is/index.asp?lang=isogcat=19ogpage=0>

George, E. W., Mair, H., og Reid, D. G. (2009). *Rural Tourism Development: Localism and Cultural Change*. Bristol. Channel View Publications.

Grunnskóli Suðureyrar. (án dags.a). *Saga skólans og nemendur 2014-2015*. Sótt 15. mars 2016 frá <http://www.skolatorg.is/kerfi/sudureyrarskoli/skoli/>

Grunnskóli Suðureyrar. (án dags.b). *Suðureyri við Súgandafjörð*. Sótt 20. mars 2016 frá <http://www.skolatorg.is/kerfi/sudureyrarskoli/skoli/default.asp?sidan=undirsidaogflslID=8ogtypa=3>

Hagstofa Íslands. (án dags.). *Mannfjöldi eftir póstnúmerum, kyni og aldri 1998-2016*. Sótt 23. mars 2016 frá [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_2\\_byggdir\\_\\_Byggdak](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdak)



jarnarhverfi/MAN03200.px/table/tableViewLayout1/?rxid=ed978929-76b3-4196-9a8d-ffece1827983

- Halla Ólafsdóttir. (26. 01 2016). „*Þetta sprettur eins og illgresi*“. Sótt 15. mars 2016 frá <http://www.ruv.is/frett/thetta-sprettur-eins-og-illgresi>
- Hallvarður Súgandi. (án dags.). Sótt 02. febrúar 2016 frá <http://leiklist.is/leikfgillvarsdi/>
- Háskólinn á Akureyri. (2010). *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Iceland Magazine. (07 2015). Sótt 28. janúar 2016 frá <http://icelandmag.visir.is/article/pet-local-pet-cods-sudureyri-village-westfjords>
- Iceland pro fishing. (án dags.). Sótt 02. febrúar 2016 frá <http://www.icelandprofishing.com>
- Ísafjarðarbær.is. (án dags.). *Suðureyrarlaug*. Sótt 9. apríl 2016 frá <http://www.isafjordur.is/thjonusta/sundlaugar/Sudureyrarlaug/>
- Ísafjörður.is. (án dags.). *Suðureyrarhöfn*. Sótt 9. apríl 2016 frá [http://www.isafjordur.is/hafnir\\_isafjardarbaejar/sudureyrarhofn/](http://www.isafjordur.is/hafnir_isafjardarbaejar/sudureyrarhofn/)
- Íslandssaga. (án dags.). *Saga fyrirtækisins* Sótt 30. febrúar 2016 frá [http://icelandicsaga.is/?page\\_id=9](http://icelandicsaga.is/?page_id=9)
- Íslandsstofa.is. (06. 01 2016). *Ísland valið áfangastaður ársins 2016 hjá Luxury Travel Guide*. Sótt 27. febrúar 2016 frá <http://www.islandsstofa.is/frettir/island-valid-afangastadur-arsins-2016-hja-luxury-travel-guide/659>
- Kristján Ágústsson og Hörður Þ. Sigurðsson. (2004). *Hættumat fyrir Suðureyri í Súgandafirði*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands.
- mbl.is. (12. 07 2004a). *Margir veiddu marhnút*. Sótt 28. janúar 2016 frá <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/808312/>
- mbl.is. (15. 10 2013b). *Klofningur ehf styrkir Grensásdeild*. Sótt 27. febrúar 2016 frá [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/10/15/klofningur\\_ehf\\_styrkir\\_grensasdeild](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/10/15/klofningur_ehf_styrkir_grensasdeild)
- mbl.is. (18. apríl 2016c). *Byggð í þéttbýli í hættu*. Sótt 23. apríl 2016 frá [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/04/18/byggd\\_i\\_thettbyli\\_i\\_haettu/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/04/18/byggd_i_thettbyli_i_haettu/)
- McMinn, S. (1997). The challenge of sustainable tourism. *The Environmentalist* 17, 137-141.
- Qu, H., Kim, L. H., og Im, H. H. (2011). A model of destination branding: Integrating the concepts of the branding and destination image. *Tourism Management*, 465-476.

- Saraniemi, S. (2011). From destination image building to. *International Journal of Culture, Tourism and Hospitality Research*, 247-254.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir? Í *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 229-237). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Inngangur að aðferðafræði. Í *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 17-30). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2003). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 239-250). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Skipulagsstofnun. (10 2015). *Skipulag og ferðamál - hugmyndahefti*. Sótt 28. febrúar 2016 frá [http://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/skipulag\\_og\\_ferdamal-pdf](http://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/skipulag_og_ferdamal-pdf)
- Sveitin Okkar. (2014). *Suðureyrarhreppur*. Sótt 22. mars 2016 frá <http://sveitin.len.is/municipalities/sudureyrarhreppur>
- Tjarnabær. (2014). *Um leikskólann*. Sótt 14. mars 2016 frá <http://www.leikskolinn.is/tjarnarbaer/>
- Valur S. Valgeirsson. (án dags.). *Björgunarsveitin Björg*. Sótt 17. apríl 2016 frá <https://www.facebook.com/Goltur/>
- Þráinn Eggertsson. (1998). *Frumkvæði til framkvæmdar fyrirtækið og frumkvöðullinn*. Reykjavík: Bókaklúbbur atvinnulífsins - Framtíðarsýn hf.

## 8.1 Munnlegar heimildir

- Ása Dóra Halldórsdóttir, eigandi verslunarinnar Súganda, *Staða og framtíð ferðamála í sjávarþorpinu Suðureyri við Súgandafjörð*, viðtal 28. janúar 2016.
- Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Fisherman, *Staða og framtíð ferðamála í sjávarþorpinu Suðureyri við Súgandafjörð*, viðtal 16. febrúar 2016.
- Guðni Einarsson, framkvæmdastjóri Klofnings, *Staða og framtíð ferðamála í sjávarþorpinu Suðureyri við Súgandafjörð*, viðtal 4. febrúar 2016.
- Hálf dán B. Hálf dánsson, upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar, *Staða og framtíð ferðamála í sjávarþorpinu Suðureyri við Súgandafjörð*, viðtal 4. febrúar 2016.
- Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri Íslandssögu, *Staða og framtíð ferðamála í sjávarþorpinu Suðureyri við Súgandafjörð*, viðtal 4. febrúar 2016.

# 9 Fylgiskjöl

## 9.1 Spurningalisti fyrir íbúa

### Fortíð

1. Hefur þú unnið við ferðþjónustu á Suðureyri? Ef já, hvenær og við hvað?
2. Finnst þér hafa verið unnið frumkvöðlastarf á Suðureyri hvað varðar ferðamál? Ef svo, hvernig þá?

### Nú tíð

3. Hvernig finnst þér ferðþjónustan ganga?
4. Eru ferðþjónustufyrirtæki að starfa með íbúum? Ef já, hvernig þá?

### Framtíð

5. Hverjar eru framtíðarhorfur ferðamála á Suðureyri að þínu mati?
6. Sérðu fyrir þér virka ferðþjónustu í framtíð ferðamála á Suðureyri?
7. Hvaða breytingar myndirðu helst vilja sjá til að ferðmál á Suðureyri myndu ganga sem best?

### Aðrar spurningar

8. Hvaða þjónustu á Suðureyri myndir þú flokka sem ferðþjónustu?
9. Hvernig hefur aðkoma Ísafjarðarbæjar sýnst þér þegar kemur að ferðamálum á Suðureyri?
10. Ertu sátt/ur við þær framkvæmdir sem hafa verið gerðar á Suðureyri hvað varðar ferðþjónustuna?
11. Finnst þér fyrirtækin á Suðureyri hafa unnið saman til að byggja upp ferðþjónustuna?
12. Hvaða upplifun hefur þú haft af því hvernig íbúar hafa tekið ferðþjónustunni á Suðureyri?
13. Eitthvað annað sem þú vilt að komi fram?

## 9.2 Spurningalisti fyrir fyrirtæki

### Fortíð

1. Hvað finnst þér um þá ímyndasköpun sem hefur verið unnin fyrir þorpið?
2. Finnst þér hafa verið unnið frumkvöðlastarf á Suðureyri hvað varðar ferðamál? Ef svo, hvernig þá?
3. Með hvaða hætti hefur þú/þitt fyrirtæki tekið þátt í ferðamálum á Suðureyri?

### Nú tíð

4. Hvernig finnst þér ferðamálin ganga á Suðureyri?
5. Ef vel, hver heldur þú að ástæðan sé fyrir þeirri velgengi?

### Framtíð

6. Hverjar eru framtíðarhorfur ferðamála á Suðureyri að þínu mati?
7. Hvaða breytingar myndirðu helst vilja sjá til að styrkja áframhaldandi ferðamennsku?
8. Hvað telur þú að þurfi að gera til að styrkja vetrarferðamennsku á Suðureyri?

## 9.3 Spurningalisti fyrir ferðapjónustu

### Fortíð

1. Saga fyrirtækisins (langa útgáfan)
2. Finnst þér hafa verið unnið frumkvöðlastarf á Suðureyri hvað varðar ferðamál? Ef svo, hvernig þá?

### Nútið

3. Hvernig gengur fyrirtækið í dag?
4. Hvernig er starfsemin?

### Framtíð

5. Hverjar eru framtíðarhorfur ferðamála á Suðureyri að þínu mati?
6. Sérðu þig/fyrirtækið sem virkan aðila í ferðamálum á Suðureyri í framtíðinni?
7. Hvaða breytingar myndirðu helst vilja sjá til að ferðmál á Suðureyri myndu ganga sem best?

### Aðrar spurningar

8. Hverjir hafa verið þínir bestu bakhjarlar við ferðmál á Suðureyri?
9. Hvernig hefur samstarfið við Ísafjarðarbæ gengið?
10. Hefurðu verið í einhverju samstarfi við ferðmálastofu?
11. Hefur verið samstarf við önnur fyrirtæki á Suðureyri?
12. Hvaða upplifun hefur þú haft af því hvernig íbúar hafa tekið fyrirtækinu?

## 9.4 Spurningalisti fyrir Ísafjarðarbæ

1. Hvað finnst bæjaryfirvöldum um þá ferðamálastefnu sem er í gangi á Suðureyri?
2. Hvað viðhorf hafa bæjaryfirvöld um þá ímyndasköpun sem hefur verið unnin fyrir þorpið? „Vistvænt sjávarþorp“
3. Hefur Ísafjarðarbær notað þessa ímyndasköpun við gerð á því efni sem Ísafjarðarbær gefur út?
4. Hefur Ísafjarðarbær tekið virkan þátt í að efla ferðaþjónustu á Suðureyri? Ef svo er, hvernig þá?
5. Hvernig sér bærinn fyrir sér að ferðamál muni ganga á Suðureyri í framtíðinni?
6. Finnst ykkur hafa verið unnið frumkvöðlastarf í ferðaþjónustunni á Suðureyri?
7. Er til einhver áætlun eða stefnumótun um ferðamál hjá Ísafjarðarbæ? Ef ekki, hvenær er von á henni?
8. Eru til einhverjar tölulegar upplýsingar um ferðamál á Suðureyri?